

REGLUGERÐ
um ársskýrslu ríkislögmans.

1. gr.

Ríkislögmaður skal árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir meginþætti í starfsemi embættisins. Skal skýrslan enn fremur birt opinberlega.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 22. janúar 2008.

Geir H. Haarde.

Bolli Þór Bollason.